

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

#### *Deiliskipulagsbreyting, Bergstaðir – Berghof 3.*

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi Bergstaða er varðar lóðina Berghof 3, L218587. Í breytingunni felst stækkun lóðar og byggingarreits auk þess sem heimild er bætt í skipulagið sem tekur til vélageymslu/skemmu á einni hæð. Lega aðkomuvegar er leiðrétt á skipulagi í takt við núverandi legu hans.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. febrúar 2024.

#### *Deiliskipulagsbreyting, Reykholt – Borgarrími, Lyngbraut 2, Reykholtubrekkja 6.*

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til 7 lóða við Borgarrími og einnar lóðar við Lyngbraut auk þess sem skilgreindar eru heimildir til uppbyggingar á fjarskiptamastri og tilheyrandi búnaði á lóð Reykholtubrekkju 6. Við Borgarrími er íbúðum fjölgað lítilla og skilmálum breytt. Bætt er við tveimur húsagerðum. Raðhús R3 þar sem heimilt er að byggja 5-6 íbúðir og R4 þar sem heimilt er að byggja hús á 2 hæðum, annaðhvort raðhús með 3 íbúðum eða hús með 4 íbúðum þar sem gert er ráð fyrir tveimur á jarðhæð og tveimur á efri hæð. Við Lyngbraut eru tvær lóðir sameinaðar í eina.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. febrúar 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 20. mars 2024.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 9. apríl 2024